

**16. fundur framkvæmda- og veitunefndar haldinn í Aratungu, Reykholti,  
30. apríl 2021 , kl. 09:00.**

**Fundinn sátu:**

Valgerður Sævarsdóttir, Helgi Kjartansson, Axel Sæland, Ásta Stefánsdóttir, Bjarni D. Daníelsson og Benedikt Skúlason.

**Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.**

**1. Ársreikningur Bláskógaveitu 2020 - 2104040**

Ársreikningur Bláskógaveitu fyrir árið 2020

Lagður var fram ársreikningur Bláskógaveitu fyrir árið 2020. Sveitarstjóri kynnti reikninginn. Helstu kennitölur ársreiknings eru: Tekjur: 98.726.438 Gjöld: 66.514.294 Afskriftir: 7.101.436. Fjármagnsgjöld: 1.059.458. Tekjuskattur: 9.839.982. Hagnaður ársins: 16.330.184. Eignir samtals: 236.918.473. Eigið fé: 218.994.930. Skuldir: 17.923.543. Handbært fé: 76.823.318. Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir ársreikninginn fyrir sitt leyti og vísar honum til sveitarstjórnar til staðfestingar.

**2. Heimlögn hitaveitu og vatnsveitu - 2104048**

Umsókn um heimlögn fráveitu, hita- og vatnsveitu, Skólavegur 1, F224 8206, umsækjandi Stök gulrót ehf.

Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir umsóknina. Sótt er um heimtaug fyrir 1,5 sekl af heitu vatni og 2,0 sekl af köldu vatni.

**3. Hitaveita í Reykholti og á Laugarvatni - 2101058**

Kostnaðaráætlun ÍSOR vegna fyrirhugaðrar vinnu við kortlagningu og holustaðsetningar á Laugarvatni. Fulltrúi ÍSOR kemur inn á fundinn.

Sveinborg Hlíf Gunnarsdóttir, jarðfræðingur ÍSOR, kom inn á fundinn í gegnum fjarfundabúnað og ræddi um verkefnið og næstu skref. Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir kostnaðaráætlun ÍSOR og óskar jafnframt eftir mati verkfræðinga á möguleikum til nýtingar hitaveitu í Reykholti.

**4. Kaldavatnsveita í Vörðuhlíð - 1909034**

Vatnsveita í Vörðuhlíð, tilboð.

Lögð var fram fundargerð frá opnun tilboða í lagningu vatnsveitu í Vörðuhlíð. Eitt tilboð barst. Fyrirvari var gerður í verðkönnuninni um samþykki þeirra sem tenging vatnsveitunnar tekur til. Samráð verður haft við sumarhúsfélagið og eigendur Eiríksbakka um framhald málsins.

**5. Gamla Tungufljótsbrú ástand - 2104047**

Minnisblað Vegagerðarinnar um ástand gömlu brúarinnar yfir Tungufljót.

Minnisblað Vegagerðarinnar var lagt fram. Framkvæmda- og veitunefnd felur oddvita að fá upplýsingar frá Vegagerðinni um æskilega forgangsröðun viðhaldsverkefna.

**6. Brú yfir Svartá - 2009013**

Umsókn um styrk til Vegagerðarinnar vegna brúar yfir Svartá, til kynningar.

Styrkumsóknin var lögð fram til kynningar. Ráðgert er að halda áfram verkefni varðandi brúargerð yfir Svartá, fáist styrkur til þess frá Vegagerðinni.


**7. Endurbætur á Dalbraut 12 húsnæði UTU - 2009012**

Húsnæði UTU, skýrslur Eflu, dags. 17. mars 2021 og 27. apríl 2021.


  
H.K 33

Lagðar voru fram skýrslur Eflu vegna málsins. Umræður urðu um málið og því vísað til sveitarstjórnar.

Fundi slitið kl. 10:40.



Valgerður Sævarsdóttir



Helgi Kjartansson




Axel Sæland



Ásta Stefánsdóttir



Bjarni D. Daníelsson



Benedikt Skúlason